

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi við Heiðmörk-Þelamörk í Hveragerðisbæ.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 14. janúar 2016 óverulega breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Heiðmörk-Þelamörk. Deiliskipulagið nær til lóðanna Heiðmörk 64, 68 og 70 og er deiliskipulagssvæðið um 1,0 ha að flatarmáli. Í breytingunni felst að íbúðir á svæðinu verða 24 í stað 22. Nýtingarhlutfall lóða lækkar og öll hús verða einnar hæðar í stað 1-2ja hæða.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast nú þegar gildi.

Hveragerði, 22. janúar 2016.

Guðmundur F. Baldursson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 5. febrúar 2016